

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 — 1987

25. ágúst 1987

729

Nr. 382

GJALDSKRÁ

Rafveitu Borgarness.

1. gr.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennur taxti

Orkugjald	4,62 kr/kWh
Fastagjald	1 361,00 kr/ár

B. Afltaxti

Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.

Orkugjald	1,16 kr/kWh
Aflgjald	5 879,00 kr/kW/ár
Fastagjald	10 356,00 kr/ár
Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls. Lágmarksafl 30 kw.	

C. Húshitunartaxtar

C.1 Orkugjald	3,22 kr/kWh
Án rofs	
C.2 Orkugjald	1,55 kr/kWh
Rof allt að 4 h/d	
C.3 Orkugjald	0,83 kr/kWh
Rof allt að 12 h/d	
Fastagjald	4 212,00 kr/ár
Fyrir taxa C1, C2 og C3.	

2. gr.

TENGIGJÖLD.

Gjaldskrár- liður	Málstraumur stofnvara		Tengigjald kr.
T 1	63A	1-fasa	22 939,00
T 2	63A	3-fasa	30 962,00
T 3	100A	—	49 042,00
T 4	200A	—	97 858,00
T 5	315A	—	154 584,00
T 6	400A	—	195 829,00
T 7	630A	—	308 038,00
T 8	710A	—	348 153,00
T 9	1200A	—	587 713,00

B 49

Önnur ákvæði:**a) Um heimtaugar:**

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umframmetra greiðist sem svarar $\frac{1}{40}$ hluta tengigjalds.

Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) Um spennistöðvar:

Þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) Um bráðabirgðaheimtaugar:

Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) Um spennubreytingu:

Ef 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug og rafbúnaði innan húss, sem af þessu kann að leiða.

e) Almenn um heimtaugar:

Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar.

Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.

ÝMIS ÁKVÆÐI.**1. Sérákvæði um rafmagnssölu.****1.1. Rafmagn til mannvirkjagerðar.**

Fastagjald	2 302,00 kr/a
Orkugjald	7,00 kr/kWh

1.2. Gjöld vegna götulýsingar og annarrar útlýsingar.

Aflgjald	8 264,00 kr/kW/a
miðað við uppsett afl	
Viðhaldsgjald	10 147,00 kr/kW/a
miðað við uppsett afl	
Gjald samtals	18 411,00 kr/kW/a

1.3. Önnur sérákvæði.

Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.

2. Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin.**2.1. Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:**

að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar,

að vélaafl, spennar og línur þoli álagið,

að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,

að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.

2.2. Um fassvikstuðul hjá notanda.

Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðullinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.

2.3. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald kr. 919,00 fyrir enduropnun.

2.4. Um dráttarvexti.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

2.5. Um sölugjöld.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innfalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

2.6. Breytingar á gjaldskrá.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 21, 15. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 25. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Akureyrar.

Raforkuverð:

	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
Almennir taxtar.			
A1 Almenn heimilisnotkun	1 538,00		3,76
A2 Almenn notkun. Öll alm. notkun ótalin annars staðar	1 538,00		4,27
A3 Mannvirkjagerð	1 538,00		6,04
Afltaxtar.			
B1 Afl- og orkumæling	2 871,00	5 327,00	1,16
B2 Sértaxti Gefjunar	2 871,00	5 403,00	0,63/0,57
B3 Götu- og hafnarlýsing			